



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 131/909
komudagur 13. 2005

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2005

Vísað er til bréfs dagsett 4. febrúar 2005 þar sem óskað var umsagnar FÍStöðin um frumvarp til breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 varðandi framleiðslu innlendra vína (~~46~~ mál).

Í frumvarpinu er lagt til að við 4. gr áfengis laga bætist við ný málsgrein þar sem heimiluð verði framleiðsla léttra vína allt að 15% að styrkleika úr innlendum ávöxtum og jurtum.

Mjög ströng skilyrði eru fyrir því að fá leyfi til að framleiða áfengi í dag. Ekki þarf einungis framleiðsluleyfi heldur þarf framleiðslan að uppfylla ýmsar heilbrigðis- og hreinlætiskröfur. Í frumvarpinu er hinsvegar ekki gert ráð fyrir eftirliti af neinu tagi. Framleiðsla og neysla heimalagaðs áfengis getur verið banvæn ef ítrustu kröfum er ekki fylgt og má í því sambandi nefna að á síðasta ári létust 17 manns í Noregi í kjölfar neyslu heimalagaðs áfengis.

FÍStöðin vill jafnframt benda á að verði frumvarpið að lögum munu samkeppnisskilyrði þeirra fyrirtækja sem flytja inn og framleiða áfengi hér á landi skekkjast þar sem þeim er gert að greiða hæstu áfengisgjöld sem þekkjast í heiminum. Tekjur ríkissjóðs munu jafnframt óhjákvæmilega minnka verði frumvarpið að lögum þar sem ekki þarf að greiða áfengisgjöld af heimabruuguðu áfengi.

Í ljósi framangreinds mælir FÍStöðin ekki með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. FÍStöðin

Guðmunda Smáradóttir
Verkefnastjóri